

## Fundur skólaráðs 14.sept 2016 kl. 15:10

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir og Sigurveig Öfundardóttir fulltrúar kennara, Þórunn Jóhannsdóttir fulltrúi starfsmanna, Krístrún Ingadóttir varafulltrúi fyrir Herdísí Gunnlaugsdóttur Ingigerður Gísladóttir og Bjarney Steinunn Einarsdóttir fulltrúar foreldra og grenndarsamfélagsins. Fulltrúi nemenda : Veigar Gauti úr 10.bekk

Dagskrá:

- a) Skipan og hlutverk skólaráðs  
Halldóra fór yfir hvernig skipað er í skólaráðið. Skipað er í skólaráðið til tveggja ára í senn. Kosning fulltrúa kennara og starfsmanna fór fram í ágúst, nýir foreldrafulltrúar koma inn í október, nemendafulltrúi 10. bekkjar er mættur en kosinn er einn fulltrúi á ári úr 9. bekk – kosning hefur ekki farið fram. Ákveðið að fresta yfirferð yfir hlutverk ráðsins þar til á októberfundi.
- b) Starfsáætlun skólaráðs 2016 – 2017  
Starfsáætlun skólaráðs var yfirfarin og samþykkt svona:  
September: Starfsáætlun Grunnskólans. Starfsáætlun skólaráðs og skipan þess.  
Október: Innra mat og rekstraráætlun.  
Nóvember: Foreldrafélag, samstarf heimila og skóla.  
Janúar: Kynning á stöðu þróunarverkefna. Húsnæðismál, aðstaða og aðbúnaður. Skólareglur.  
Mars: Starfsmannamál og skipulag næsta skólaárs, hugað að skóladagatali. Umfjöllun um skólanámskrá.  
Mai: Niðurstöður úr starfsmannasamtölum. Endurmenntunaráætlun næsta skólaárs.
- c) Uppfærslur á skólanámskrá  
Halldóra kynnti uppfærslur á köflum um námsmat, skólareglur (farsímar og snjalltæki og nesti) og kafla um heimanám. Þessar breytingar verða birtar í skólanámskrá á heimasíðu skólans auk þess sem Halldóra sendi öllum foreldrum bréf fyrir stuttu með kynningu á breytingunum. Halldóra sagði einnig frá samningi sem foreldrar og nemendur á elsta stigi undirrita varðandi notkun farsíma og snjalltækja. Hjá Valdísi fulltrúa kennara kom fram að engin vandamál hefðu komið upp varðandi síma nú í upphafi kennslunnar í haust.
- d) Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2016 – 2017  
Halldóra kynnti starfsáætlunina og gaf kost á umræðum og spurningum. Valdís sagði frá verkefninu Ung i Norden sem unnið er að í 8. bekkjum nú á haustönninni.
- e) Önnur mál  
Halldóra kynnti bréf frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu – Eftirfylgni vegna úttektar á Grunnskólanum í Grindavík árið 2011. Í bréfinu er kallar ráðuneytið eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að

umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar. Fundarmenn voru sammála um að vel hefði tekist til með umbætur og mikill uppgangur væri í skólastarfinu. Allir sem að því standa nemendur, starfsmenn og foreldrar ættu skilið klapp á bakið.

Fundi slitið kl. 16:40